

Starfsreglur

stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála

1. gr.

Stjórnstöð ferðamála starfar á grundvelli samkomulags ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar um eflingu íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2020.

Markmið Stjórnstöðvar ferðamála er að efla íslenska ferðaþjónustu til ársins 2020.

2. gr.

Forsætisráðherra skipar fulltrúa í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála og tekur ákvörðun um breytta skipan stjórnar. Stjórnina skipa ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, formaður, fjármála- og efnahagsráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra og ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála. Auk þeirra sitja í stjórninni tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjórir fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar.

Formaður stjórnar skal reglulega gera grein fyrir störfum Stjórnstöðvar ferðamála í ríkisstjórn.

Formaður stjórnar skal árlega gera Alþingi grein fyrir árangri af störfum Stjórnstöðvar ferðamála.

Fjarreiður Stjórnstöðvar ferðamála, starfsmannahald og skjalavarsla eru á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem jafnframt sér Stjórnstöðinni fyrir starfsaðstöðu.

3. gr.

Fundir stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður stjórnar stýrir fundunum og getur boðað til aukafundar ef brýna nauðsyn ber til. Fundi skal boða með dagskrá, bréflaga eða í tölvupósti, að jafnaði með viku fyrirvara. Formaður tekur ákvörðun um boðun gesta á fundi stjórnar.

Í forföllum ráðherra skal aðstoðarmaður hans sitja fund stjórnar.

Starfsmaður skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu situr fundi stjórnarinnar, undirbýr fundi hennar og ritar fundargerð.

Í fundargerðum skal greint frá dagskrármálum og niðurstöðum umræðna. Fundargerðir skulu bornar upp til samþykktar á næsta fundi stjórnar og birtar á vefsíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að því loknu.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er hægt að óska eftir trúnaði um einstök dagskrármál enda mæli veigamiklar ástæður með því. Trúnaðarmál skulu bókuð í sérstaka gerðabók.

4. gr.

Hlutverk Stjórnstöðvar ferðamála er að leita leiða til að samhæfa aðgerðir stjórnvalda, sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila á sviði ferðaþjónustu. Stjórnstöðin gerir tillögur til ríkisstjórnar og einstakra ráðherra, sem og til sveitarfélaga og rekstraraðila ferðaþjónustu, um samhæfingu og framkvæmd verkefna er varða ferðaþjónustu á ábyrgðarsviði þeirra.

5. gr.

Formaður stjórnar ræður framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála, annast dagleg störf hennar, hefur umsjón og eftirlit með störfum og verkefnum á vegum hennar og framfylgir að öðru leyti ákvörðunum stjórnarinnar.

Framkvæmdastjóri skal í störfum sínum hafa náið samráð við formann stjórnar. Hann getur komið fram fyrir hönd Stjórnstöðvar í fjölmiðlum en ef um veigamikil mál er að ræða skal slíkt gert í samráði við formann stjórnar.


Sérstakt rekstrarfélag, Rekstrarfélag stjórnstöðvar sf., kt. 440516-0840, heldur utan um fjárhagslegan rekstur Stjórnstöðvar ferðamála. Stjórnin skipar rekstrarfélaginu sérstaka stjórn. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands er stjórnarformaður rekstrarfélagsins.

6. gr.

Starfsreglur þessar gilda til 31. desember 2020, nema formaður stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála taki ákvörðun um annað.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. maí 2017

f.h. stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra